

# Ákvörðun vörumerkjaskrárritara

nr. 3/1996

Ásgeir Ásgeirsson

gegn

Besta hf.

## Málsatvik

Þann 16. júní 1994 lagði Friðrik Ingi Friðriksson, fyrir hönd fyrirtækisins Besta hf., Nýbýlavegi 18, Kópavogi, inn umsókn um skráningu á vörumerkinu BLEIUKLÚTAR (orð- og myndmerki). Umsókninni var gefið númerið 657/1994. Óskað var skráningar fyrir eftirfarandi vörur í flokki nr. 21: „Hreingerningaklútur til almennra nota“ Merkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum 20.2.1995.

Með bréfi, dags. 18. apríl 1995, andmælti Logi Egilsson, hdl., fyrir hönd Ásgeirs Ásgeirssonar, Rauðási 9, Reykjavík skráningu merkisins. Rök andmælanda eru þau að hér sé um almennt heiti að ræða sem fleiri aðilum sé heimilt að nota. Þá segir andmælandi að hann hafi notað orðið „bleiuklútar“ fyrir framleiðslu allt frá því í apríl 1992, og hafi því verið á undan andmælanda að nota orðið.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1995, var umsækjanda gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við mál þetta. Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda.

Í málinu var lögð fram ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1994, frá 5. desember 1994, vegna kvörtunar Besta hf. á óréttmætum viðskipta-háttum Ásgeirs Ásgeirssonar.

Vegna mikilla anna vörumerkjaskrárritara hefur ekki verið unnt að kveða upp úrskurð í máli þessu fyrir en nú.

### **Málsástæður og lagarök**

Andmælandi byggir mál sitt á því að merkið BLEIUKLÚTAR sé svo almenns eðlis að enginn einn aðili geti öðlast einkarétt á því samkvæmt ákvæðum 2., 3., 4., 13., 14., 15. og 16. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Andmælandi kveðst hafa framleitt hreingerningaklúta undir heitinu „bleiuklútar“ allt frá árinu 1992. Þá bendir andmælandi á að vinnustofa Styrktarfélags vangefinna, ÁS, hafi einnig notað orðið „bleiuklútar“ fyrir framleiðslu sína.

Andmælandi kveðst hafa leitað til Einkaleyfastofunnar, áður en umsækjandi lagði inn vörumerkjaumsókn sína, í þeim tilgangi að fá einkaleyfi fyrir orðinu „bleiuklútur“. Hann kveður einn af starfsmönnum Einkaleyfastofunnar hafa tjáð sér að ekki væri unnt að fá einkaleyfi fyrir svo almennu orði.

Andmælandi bendir á að á árinu 1994 hafi hann átt í deilum við andmælanda vegna plastumbúða þar sem heitið „bleiuklútar“ var notað. Að mati umsækjanda notaði andmælandi heitið „bleiuklútar“ án heimildar á umbúðirnar. Þessi deila aðila kom til úrlausnar samkeppnisráðs. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1994, dags. 5. desember 1994, segir um þennan þátt kvörtunarinnar segir í ákvörðuninni:

„Um einkarétt Besta hf. á notkun hugtaksins bleiuklútar telur Samkeppnisráð að hugtakið sé svo almenns eðlis að notkun Takk hf. á því brjóti ekki gegn 20. gr. eða 25. gr. samkeppnislaga.“

### **Niðurstaða.**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins BLEIUKLÚTAR (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 657/1994, fyrir hreingerningaklúta í flokki nr. 21.

Andmælin byggjast á því að heitið „bleiuklútar“ sé svo almenns eðlis að ekki sé heimilt skv. ákvæðum vörumerkjalaga að einn aðili öðlist einkarétt á því.

Við meðferð ofangreindrar umsóknar, nr. 657/1994, hjá skráningaryfirvöldum, var umsækjanda með bréfi dags. 23.12.1994 tilkynnt að með vísun til 1. mgr. 15. gr. vörumerkjalaga teldist skráning merkisins ekki fela í sér einkarétt á orðinu „klútar“ einu sér. Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda vegna þessa.

Orðmerkið BLEIUKLÚTAR er samsett úr orðinu „bleia“ eða „bleiur“ og „klútar“. Orðin hafa bæði ákveðna merkingu í íslensku máli sem er almenningi kunnug. Orðið „bleia“ þýðir m.a. „tuska sett á ungbörn sem bleyta sig“ sbr. Íslensk orðabók Menningarsjóðs, Reykjavík 1988, bls. 84 og orðið „klútur“ þýðir m.a. „klæðisstykki“ eða „tuska“, sbr. Íslensk orðabók Menningarsjóðs, Reykjavík 1988, bls. 507. Segja má að orðið „bleiuklútur“ sé heiti yfir „tusku eða klút úr bleiuefni“.

Þegar litið er til framangreinds, þess að svo virðist sem að aðrir framleiðendur hafi notað heitið sem tegundarheiti og með hliðsjón af ákvörðun samkeppnisráðs, verður að telja að um sé að ræða almennt heiti sem ekki sé rétt að einn aðili öðlist einkarétt á.

Merki það sem sótt er um skráningu á, skv. umsókn nr. 657/1994, er orð- og myndmerki. Merkið samanstendur af lítið stílfærðum orðhluta, þ.e. BLEIUKLÚTAR og tveimur bogadregnum röndum. Telja verður að merkið í heild sinni hafi nægilegt sérkenni til að bera og sé því skráningarhæft. Til að taka af allan vafa um vernd orðsins „bleiuklútar“ er þó talið rétt að skráning merkisins verði með þeirri takmörkun að skráningin taki ekki til orðsins BLEIUKLÚTAR, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 47/1968.

## **Ákvörðunarorð.**

Skráning vörumerkisins BLEIUKLÚTAR (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 657/1994, er heimil með eftirfarandi takmörkun: „Skráningin veitir ekki einkarétt á orðinu bleiuklútar“.

Reykjavík 21. mars 1996.

---

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.